

REGLUR

**um öryggi á sundstöðum og við
kennslulaugar**

**Samband íslenskra sveitarfélaga
Hollustuvernd ríkisins
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Vinnueftirlit ríkisins
Slysavarnarfélag Íslands
menntamálaráðuneytið**

Janúar 1999

REGLUR
um öryggi á sundstöðum og við
kennslulaugar

Samband íslenskra sveitarfélaga
Hollustuvernd ríkisins
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Vinnueftirlit ríkisins
Slysavarnarfélag Íslands
menntamálaráðuneytið

Janúar 1999

Inngangur

Í janúar 1993 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um öryggiskröfur og samræmdar starfsreglur á sundstöðum og við kennslulaugar. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar frá eftirtöldum aðilum:

Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Vinnueftirliti ríkisins,
Hollustuvernd ríkisins,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Slysavarnarfélagi Íslands og
menntamálaráðuneytinu

Nefndin lauk störfum vorið 1994 og voru reglur gefnar út af menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í júní sama ár. Tekið var fram við útgáfu regnanna að þær skyldu endurskoðaðar fyrir árslok 1997. Við starf sitt að samningu regnanna hafði nefndin náð samstarf við forstöðumenn fjölmargra sundstaða og fulltrúi þeirra starfaði með nefndinni. Í reglunum er vísað til gildandi reglugerða og laga um öryggi og hollustuhætti. Jafnframt er vísað til öryggismöppu sem starfsmenn allra sundstaða þurfa að hafa aðgang að. Öryggismappan sem nú hefur verið endurskoðuð fæst á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í júlí 1998 gaf umhverfisráðuneytið út „Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum“, sem sett er með stoð í 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengungarvarnir og er víða í þessum reglum, sem nú eru gefnar út í endurskoðuðu formi, vísað í þá reglugerð.

Á sundstöðum geta leynst margvíslegar hættur og er það siðferðileg skylda eigenda þeirra að draga úr þeim svo sem kostur er. Ábyrgð þeirra er byggja og reka sundstaði er mikil og miklu varðar að öryggi gesta sé sem best tryggt á hverjum tíma. Rekstraraðilar sundlauga hafa gert sér grein fyrir þessari ábyrgð en bent á að skort hafi öryggisreglur til að vinna eftir. Þær samræmdu reglur sem hér eru birtar eiga að bæta úr þeirri þörf og jafnframt eiga þær að auka til muna öryggi margra sundstaða frá því sem nú er.

Reglur af því tagi sem hér eru settar draga á engan hátt úr ábyrgð einstaklinga á sjálfum sér, en sérstaklega á það við um þá sem hafa með sér börn á sundstað og þá sem búa við skerta heilsu. Reglur þessar lúta einnig að hegðun sundgesta og þeirri ábyrgð og áhættu sem fylgir sundiðkun.

Sveitarstjórnir og aðrir eigendur sundstaða eru eindregið hvattir til að samþykkja að farið verði eftir þeim reglum sem hér eru settar og hrindi í framkvæmd úrbótum í öryggismálum í samræmi við þær. Einnig er nauðsynlegt að allir starfsmenn sundstaða kynni sér reglurnar vel og hagi störfum sínum samkvæmt þeim. Þannig ætti öryggi sundgesta að vera eins vel tryggt og kostur er.

Reglur þessar eru settar af menntamálaráðuneytinu með vísun til 14. gr. Íþróttalaga nr. 64/1998 en þar segir: „Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttahöld og annan búnað.”

Reykjavík, janúar 1999

f.h. menntamálaráðuneytisins

f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, framkvstj.

1. Sundstaðir, umhverfi og aðbúnaður

- 1.1 Sundstaður og kennslulaug eru samheiti yfir hvers konar sundlaugar úti sem inni. Reglur þessar ná einnig yfir setlaugar, iðulaugar, endurhæfingarlaugar, barnalaugar, busllaugar og vatnsrennibrautir.
- 1.2 Á sundstöðum skulu vera tiltæk tæki til skyndihjálpar, þ.m.t. súrefnistæki, sjá nánar skrá í öryggismöppu sundstaða. Heilbrigðisfulltrúi skal eiga aðgang að gögnum sem sýna að tæki til skyndihjálpar og öryggiskerfi séu til staðar og af viðurkenndri gerð. Starfsfólk, sundkennarar og þjálfarar skulu árlega fá leiðsögn í notkun þessara tækja. Tækin skulu yfirfarin reglulega.
- 1.3 Á sundstað skal vera ákveðið öryggiskerfi og neyðaráætlun sem segir fyrir um viðbrögð ef slys ber að höndum.
- 1.4 Á hverju vori skal forsvarsmaður sundlauga útfylla sérstakan gátlista sem er í öryggismöppu sundstaða. Þar komi m.a. fram staða öryggismála við sundlaug hverju sinni. Senda skal undirritað afrit til eiganda og/eða viðkomandi forráðamanns eigi síðar en 10 dögum eftir útfyllingu listans. Sundstaður heldur eftir afriti. Gátlistar eru hluti innra eftirlits sundstaðar og skulu opinberir eftirlitsaðilar hafa aðgang að þeim.
- 1.5 Á sundstöðum og við kennslulaugar skal sjá til þess að aðgengi fatlaðra sé samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

2. Sundgestir / umgengnisreglur

- 2.1 Börnum undir 8 ára aldri er óheimill aðgangur að sundstað nema í fylgd með syndum einstaklingi 14 ára eða eldri. Miðað er við fæðingarár. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér. Þetta á þó ekki við um börn í fylgd foreldris eða forráðamanns.
- 2.2 Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á þeim einstaklingi eða einstaklingum sem eru í fylgd hans. Hann skal einnig sjá um að ósyndir noti armkúta eða sundjakka af viðurkenndri gerð sem sundstöðum ber að hafa til útláns. Þrátt fyrir þetta ákvæði hafa laugarverðir sömu skyldum að gegna gagnvart þessum börnum eins og öðrum sundgestum þó að þau njóti sérstakrar gæslu fylgdarmanna.
- 2.3 Sundgestum er óheimilt að nota köfunartæki í laug þ.m.t. öndunarpípur og grímur sem ná yfir öndunarfæri nema með leyfi laugarvarðar. Starfsmenn sundlauga þurfa að hafa góðar gætur á notkun flotleikfanga og geta bannað ungum lítt syndum sundiðkendum notkun þeirra nema ábyrgir gæslumenn gæti fyllstu varúðar.
- 2.4 Sundgestir skulu þvo sér vandlega án sundfata, áður en þeir fara ofan í laug og vera í hreinum sundfötum. Í baðklefum skulu vera leiðbeiningaspjöld með ábendingum til gesta um að þvo sér áður en farið er í laug.

- 2.5 Vítavert framferði sundgesta, svo sem dýfingar af langhliðum, kaffæringar, vatnsskvettur og gáleysi í vatnsrennibrautum varða brottrekstri úr laug. Hætta getur stafað af síendurteknum köfunum og langsundi í kafi.
- 2.6 Sundgestum ber að fara að fyrirmælum starfsmanna sundstaðar í hvívetna. Verði sundgestur ekki við fyrirmælum starfsmanns getur hann vísað viðkomandi af sundstað.
- 2.7 Einstaklingum sem eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er óheimill aðgangur að sundstað. Reykingar skulu einnig alfarið bannaðar á sundstöðum.
- 2.8 Reglur um umgengni á sundstöðum skulu vera á áberandi stöðum. Þar skulu m.a. koma fram þær reglur sem sundstaðurinn setur um aldur, ábyrgð, hegðun og umgengni.
- 2.9 Fyllsta öryggis skal gætt þegar komið er með hóp af börnum og unglíngum í sund. Forráðamenn hópa kynni sér reglur sundstaða og aðstoði starfsfólk við gæslu.

3. Laugargæsla

- 3.1 Við almenningslaugar allt að 25 x 12¹/₂ metrar að stærð skal að minnsta kosti vera einn laugarvörður. Við laugar með stærra vatnsyfirborð eða flóknari uppbyggingu er æskilegt að hafa tvo laugarverði. Yfirmenn sundstaða skulu sérstaklega taka tillit til þessara þátta á mestu annatímum.
- 3.2 Laugar sem eru 50 x 20 metrar (1000 m²) eða stærri skulu hafa að minnsta kosti tvo laugarverði. Í slíkum laugum skal koma fyrir myndavélum (sjónvarpsskjám) og/eða varðturni þaðan sem góð yfirsýn er yfir laugarsvæðið. Sérstaklega skal fylgst með svæðum sem ekki eru í sjónlínu á sjónvarpsskjá. Í innra eftirliti sundstaða skal skilgreina laugargæslu í hverri laug fyrir sig.
- 3.3 Laugarvarsla krefst fullrar athygli. Laugarverðir skulu kanna aðstæður með tilliti til öryggisþátta áður en almenningi er veittur aðgangur að laug í upphafi starfsdags og eftir lokun laugar. Laugarverðir skulu annaðhvort ganga reglulega meðfram laug, fylgjast með myndavélum eða staðsetja sig þar sem góð yfirsýn er yfir alla laugina. Leitast skal við að koma fyrir myndavélum undir yfirborði þar sem vafi er á að starfsmaður laugar sjái ofan í laugina með öðrum hætti. Það sama á við um lýsingu.
- 3.4 Þurfi laugarvörður að víkja frá skal hann fá til laugargæslu hæfan einstakling sem lokið hefur skyndihjálparnámskeiði. Laugarverði er hins vegar óheimilt að yfirgefa húsakynni sundlaugar án þess að fá til vörslunnar einstakling sem staðist hefur hæfnipróf sundstaða (sjá grein 3.6). Ef enginn með tilskilin réttindi er tiltækur til afleysinga, skal laugarvörður kalla alla úr laug og loka henni.

- 3.5 Eigendum sundstaða er heimilt að víkja frá ákvæðum um fjölda starfsmanna í laugum sem eru allt að 25 x 12^{1/2} metrar að stærð þegar aðsókn er takmörkuð eða staðsetning laugarvarðar veitir næga yfirsýn, svo sem með aðstoð hjálpartækja, þ.e. myndavéla.
- 3.6 Starfsmenn sundstaða er sinna laugargæslu skulu árlega gangast undir próf, svonefnt hæfnipróf sundstaða. Prófatriði eru:
1. Þolsund; 600 m (frjáls aðferð) á innan við 21 mínútu.
 2. Hraðsund; 25 m á 30 sek.
 3. Björgunarsund í fötum; 25 m með jafningja.
 4. Kafsund; 15 m.
 5. Köfun; sækja „björgunardúkk“ í dýpsta hluta laugar eftir stungu og köfun.
 6. Köfun; sækja 3 hluti í dýpsta hluta laugar (á allt að 3.5 m dýpi) eftir sund og köfun. Hvíld milli köfunar er 10 sek.
 7. Skyndihjálparnámskeið; ljúka árlegu námskeiði í skyndihjálparnámskeið er ætlað sundstöðum. Skyndihjálparnámskeið fyrir nýja starfsmenn sundstaða skal vera 24 tíma sérhæft námskeið. Árlega skulu starfsmenn sundstaða sækja 6-8 klst. endurmenntunarnámskeið sem skipulögð eru af yfirmanni sundstaða í samráði við Rauða kross Íslands.
 8. Aðeins þeir starfsmenn sem standast alla þætti prófsins mega sinna laugarvörslu. Heimilt er þó að endurtaka prófatriði innan mánaðar frá prófdegi, þó ekki fleiri en tvo þætti. Próf skulu fara fram í apríl/maí eða september/október ár hvert.
- 3.7 Þeir sem sækja um starf við sundstaði skulu hafa náð 18 ára aldri og leggja fram heilbrigðisvottorð með umsókn sinni.
- 3.8 Eigendum og umsjónarmönnum sundstaða er skylt að sjá til þess að starfsfólk fái endurmenntun í starfi og bera jafnframt ábyrgð á og hafa yfirumsjón með að hæfnipróf sundstaða fari fram samkvæmt grein 3.6. Framkvæmd og mat á niðurstöðum hæfniprófs skal vera í höndum viðurkenndra fagaðila, s.s. íþróttakennara eða annarra aðila með hliðstæða menntun.

4. Sundkennsla, sundþjálfun, námskeið

- 4.1 Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ávallt gæta þess í samvinnu við starfsfólk sundstaða að nemendur fari ekki að laug á undan þeim, hvort sem sundlaug nýtur vörslu eða eigi. Sundkennarar skulu ekki víkja frá laug fyrr en allir nemendur/iðkendur eru farnir inn í búnings- eða baðherbergi. Þau varúðaratriði sem hvíla á laugarverði hvíla einnig á kennara eða þjálfara varðandi nemendur hans.
- 4.2 Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu í samvinnu við starfsmenn sundstaða fara árlega yfir vinnutilhögun í tengslum við sundkennslu og sundþjálfun þar sem fyllsta öryggis nemenda verði gætt og eftirfarandi atriði tekin fyrir:
- Starfsmenn sundstaða skulu ekki hleypa nemendum inn í búningsklefa fyrr en sundkennari/sundþjálfari er mættur á sundstað.
 - Sundkennari/sundþjálfari skal vera kominn að laugarbakka áður en nemendur ganga til laugar.
- 4.3 Kennari ásamt starfsfólki sundlauga skal í upphafi skólaárs eða við upphaf hvers sundnámskeiðs fara yfir helstu reglur sem gilda á sundstöðum og gera nemendum grein fyrir þeim hættum sem geta fylgt sundiðkun.
- 4.4 Fjöldi nemenda í kennslustund skal að jafnaði vera 15, sjá aðalnámskrá grunnskóla. Æskilegt er að þeir séu færri en 15 þegar um ósynda nemendur er að ræða.
- 4.5 Æskilegt dýpi laugar við sundkennslu yngri barna og ósyndra er á bilinu 0.70 - 1.05 m.
- 4.6 Niðurfellingu á skólasundi og sundþjálfun í útisundlaugum vegna kulda skal miða við aðstæður á sundstað. Kennari vegur og metur aðstæður á sundstað hverju sinni. Algengt er að miða við -6° C en miklu skiptir hvort veður er kyrrt eða ekki.
- 4.7 Leitast skal við að sundkennsla fari fram í innilaug, sérstaklega á þetta við um yngri nemendur.

3 Eftirlit með sundlaugarvatni

- 5.1 Um eftirlit með sundlaugarvatni fer samkvæmt gildandi reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- 5.2 Fylgjast skal reglulega með klór og sýrustigi, hreinleika og hitastigi vatns í sund- og setlaugum og hitastigi vatns í steypiböðum. Farið skal að ákvæðum

í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum um töku sýna til klór- og sýrustigsmælinga.

- 5.3 Hiti sundlaugarvatns skal vera á bilinu 27° til 30° C. Þó eru lítilsháttar frávik eðlileg í óstöðugu veðurfari og við sundæfingar sundfélaga og keppni. Við sundkennslu skólabarna og ungbarna skal þess sérstaklega gætt að hitastig haldist við efri mörkin.

-7-

Gæta skal þess að vatn sem rennur í laug sé ekki heitara en 55° C. Skal það tryggt með segulrofa eða á annan hátt sem kemur í veg fyrir að sundgestir komist í snertingu við heitara vatn en 55°.

- 5.4 Allir nýir sundstaðir og kennslulaugar skulu byggðar með yfirhitavara þar sem það á við. Stefnt skal að því að yfirhitavarar séu settir upp á eldri sundstöðum og alltaf þegar um verulegar endurbætur er að ræða.
- 5.5 Vatn í steypiböðum skal ekki vera heitara en 55° C og þá til blöndunar með köldu vatni.
- 5.6 Hitastig vatns í setlaugum (heitum pottum) skal greinilega merkt. Hitastig vatns skal ekki fara yfir 44° C. Búnaður með yfirhitavara fyrir of heitt vatn skal vera til staðar. Við setlaugar skal sett upp skilti um hitastig vatns og ábending til gesta um að vera ekki of lengi í setlaugum. Merking verði þannig að hún sjáist vel. Sjá nánar ákvæði í Rb-tækniblöðum (70)X, febrúar 1993 og desember 1995 og einnig í byggingarreglugerð.
- 5.7 Um meðferð og geymslu á klór á sundstöðum skal fara eftir leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins nr. 1/1992.
- 5.8 Vatn í sund- og setlaugum skal hreinsa og sótthreinsa á viðurkenndan hátt sbr. reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- 5.9 Ýtrasta hreinlætis skal gætt á sundstöðum. Fylgjast skal náið með öllum þrifum og nota viðeigandi efni til þrifa og sótthreinsunar. Fylgt skal skriflegri hreingerningaáætlun.

6. Hönnun

- 6.1 Æskilegt er að laugar séu byggðar með yfirfallsrennu. Yfirborð vatns í sundlaug skal ávallt vera í hæð yfirfallsrennu (fleytingarrennu).
- 6.2 Við hönnun nýrra sundlauga skal gera ráð fyrir myndavélum undir vatnsyfirborði og nauðsynlegri lýsingu.
- 6.3 Stærð og lögun niðurfallsrista og rista yfir útsogsopum skal vera þannig að ekki sé hætt á að fólk geti sogast fast við þær. Til að tryggja slíkt þurfa ristar að hafa það stórt flatarmál að mannslíkami geti ekki undir neinum kringumstæðum lokað niðurfallsrist. Einnig getur lögun ristarinnar verið þannig að ekki sé hægt að festast við hana, t.d. kúpt eða sögi álíka mikið til hliðar og að framan. Göt á niðurfalls- og útsogsristum mega ekki vera stærri en 8 mm.

Um frekari frágang skal bent á kröfur Vinnueftirlitsins og Rb-tækniblöð (70)X, „Frágangur og öryggi við setlaugar m.t.t. barna“ og „setlaugar, tæknibúnaður - öryggi“.

-8-

- 6.4 Ef flísar eru notaðar á laugarbökkum, í steypiböðum og annars staðar þar sem vatnsagi er, skulu þær uppfylla kröfur um hálkuvíðnám, sbr. DIN staðal 51097. Sjá nánar Rb-tækniblað „Keramíflísar VI“. Gerð skal krafa um að auðvelt sé að þrifa flísarnar.
- 6.5 Sérstaka varúð skal viðhafa vegna háliku við útilaugar. Æskilegt er að útisvæði við laugar séu hituð eða gönguleiðum haldið frostfríum á annan fullnægjandi hátt.
- 6.6 Vatnsrennibrautir sem eru hærri en 2.00 m skulu uppfylla gildandi staðla, (ÍST EN 1069-1 og ÍST EN 1069-2). Allar vatnsrennibrautir, lendingalaugar og búnaður sem tengist þeim skulu uppfylla kröfur Vinnueftirlits ríkisins. Áður en vatnsrennibrautir eru teknar í notkun skal tilkynna slíkt til Vinnueftirlitsins, sem tekur mannvirkið út og lýsir það hæft til notkunar fyrir almenning.
- 6.7 Við vatnsrennibrautir skal koma fyrir varnaðar- og varúðarmerkingum sem sýna með myndum og texta leyfilega hegðun í brautinni.
- 6.8 Hver laug skal vera varin ásókn manna og dýra með girðingu, að lágmarki 2 metrar á hæð. Girðing getur verið klædd eða úr möskvuðu vírneti. Net skal vera mest með 2" möskvum (0.05 m). Sjá nánar gildandi byggingarreglugerð.
- 6.9 Mikilvægt er að koma upp öryggiskerfi eða skipulögðu eftirliti utan opnunartíma laugar.
- 6.10 Fullnægjandi lýsing skal vera á útisvæðum þar sem sundgestir og starfsmenn fara um.
- 6.11 Umhverfis setlaugar (heita potta) skal vera 1 m hátt handrið, þannig frá gengið að ekki sé hætt á að börn geti dottið í setlaugina.
- 6.12 Æskilegt er að koma fyrir handlistum við steypiböð og á gönguleiðum frá böðum að laugarsvæði.
- 6.13 Um öryggisbúnað í baðstofum (eimböð, sánaböð) vísast til gildandi reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- 6.14 Merkja skal á laugarbakka þann hluta laugar sérstaklega sem er grynri en 1.20 m vegna hættu við dýfingar. Við dýfingabretti skal setja skilti með ábendingum um umgengni og hugsanlega hættu við notkun þeirra.

7. Aðbúnaður starfsmanna

- 7.1 Um öryggi og aðbúnað starfsmanna í sundlaugum fer eftir reglum Vinnueftirlits ríkisins.

-9-

8. Úttekt á sundstöðum, starfsleyfi og eftirlit

- 8.1 Áður en sundlaugarbygging er tekin í notkun skal hún tekin út af eftirfarandi aðilum:
Byggingarfulltrúa,
Eldvarnareftirliti,
Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og
Vinnueftirliti ríkisins.
- 8.2 Eftir að sundlaugarbygging hefur verið tekin í notkun er nauðsynlegt að fylgst sé stöðugt með hreinsun vatnsins, þrífum og öryggisbúnaði. Þetta annast Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Vinnueftirlit ríkisins. Yfirmaður viðkomandi sundstaðar sér um að öryggisbúnaður sé í lagi og öryggiseftirliti framfylgt.

Viðauki 1

Bent er á eftirfarandi gögn:

Rannsóknastofnun

byggingariðnaðarins:

- Rb-tækniblað (70)X.002 „Frágangur og öryggi við laugar og heita potta m.t.t. barna“
- Rb-tækniblað 54.001 „Sundstaðir“
- Rb-tækniblað „Keramikflísar VI“
- Rb-tækniblað „Setlaugar, tæknibúnaður - öryggi“ (70)X.003

Vinnueftirlit ríkisins:

- Öryggi við notkun á klór og vatnslausnum klórs. Nr. 1, 1992
- Reglur um húsnæði vinnustaða
- Reglur um öryggisbúnað véla (gildir um vélbúnað fram til 1.1. '97.
- Reglur um vélar og tæknilegan búnað.
- Öryggisleiðbeiningar nr. 42, natríumhýpóklórít-lausn

Skipulag ríkisins

- Byggingarreglugerð

Hollustuvernd ríkisins:

- Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum

Menntamálaráðuneytið:

- Reglur um umgengi í sundlaugum, 1993
- Aðalnámskrá grunnskóla
- Leiðbeinandi reglur fyrir starfsmenn sundlauga
- Vatnsrennibrautir, leiðbeiningar, 1989
- Eftirlit á sundstöðum, gátlisti, 1993

Heilbrigðisnefndir:

- Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum

Staðlaráð

- Staðlar um vatnsrennibrautir
IS - EN - 1069 - 1 og 1069 - 2

Viðauki 2

Eftirlit með einstökum greinum hafa:

Vinnueftirlit ríkisins: Greinar nr.: 5.7, 6.3, 6.4, 6.5, 6.6, 6.7, 7,1, 8,1, 8,2

Byggingarfulltrúar
bæjar- og sveitarfélaga: Greinar nr.: 1.5, 5.6, 6.1, 6.4, 6.5, 6.8
6.11 og 6.12 ásamt heilbrigðiseftirliti
sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlit
sveitarfélaga: Greinar nr.: 1.1, - 1.4/1.5. ásamt byggingarfulltrúa
2.1- 2.9
3.1- 3.6. 3.7 og 3.8 ásamt sundstað
5.1-5.5/5.6 ásamt byggingarfulltrúa
5.8, 5.9
6.2
6.9 - 6.14
8.1 - 8.2

Menntamálaráðuneyti: Greinar nr.: 3.6, 3.9, 4.1 - 4.7

Rauði kross Íslands: Grein nr.: 3.4, 7. liður

